

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/2047****2023/EES/79/32**

frá 24. október 2022

**um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfirkvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 48. gr. og 2. mgr. 57. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 <sup>(2)</sup> er sett fram skrá yfir eftirlitsyfirkvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi og eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum.
- 2) Í IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 <sup>(3)</sup> var „Ecocert SA“ upphaflega viðurkennt að því er varðar vöruflokk D fyrir Barein. Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 var línan fyrir vöruflokk D sem varðar Barein ranglega skilin eftir auð. Nauðsynlegt er að leiðrétta þessa skekkju.
- 3) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 eru „Florida Certified Organic Growers and Consumers, Inc. (FOG), DBA as Quality Certification Services (QCS)“ ranglega skráðir sem viðurkenndur aðili fyrir vöruflokk A í Costa Rica. Að auki hafði eftirlitsaðilinn ekki veitt upplýsingar um tegund vara sem hann óskar eftir að votta fyrir vöruflokk D í Costa Rica og því var viðurkenning hans fyrir þann vöruflokk veitt ranglega. Nauðsynlegt er að leiðrétta viðkomandi færslu.
- 4) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 til samræmis við það.
- 5) Landfræðilegt gildissvið viðurkenningar „Ecocert SA“ var ranglega takmarkað. Því ætti að leiðrétta þessa skekkju fyrir vöruflokk D sem varðar Barein afturvirkir frá gildistökudegi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/2325. Viðurkenningin á „Florida Certified Organic Growers and Consumers, Inc. (FOG), DBA as Quality Certification Services (QCS)“ var ranglega rýmkuð þannig að hún næði yfir vöruflokka A og D í Costa Rica. Því ætti að leiðrétta þá skekkju afturvirkir frá þeim degi þegar framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 kemur til framkvæmda.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæði II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2021/2325 eru leiðrétt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 275, 25.10.2022, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 frá 16. desember 2021 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfirkvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 465, 29.12.2021, bls. 8).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífræna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Ákvæði II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2021/2325 eru leiðrétt sem hér segir:

- 1) Í stað línunnar fyrir Barein í 3. lið færslunnar fyrir „Ecocert SA“ kemur eftirfarandi:

| Kenninúmer  | Þriðja land | Vöruflokkur |   |   |   |   |    |
|-------------|-------------|-------------|---|---|---|---|----|
|             |             | A           | B | C | D | E | F  |
| „BH-BIO-154 | Barein      | x           | x | — | x | — | —“ |

- 2) Í stað línunnar fyrir Costa Rica í 3. lið færslunnar fyrir „Florida Certified Organic Growers and Consumers, Inc. (FOG), DBA as Quality Certification Services (QCS)“ kemur eftirfarandi:

| Kenninúmer  | Þriðja land | Vöruflokkur |   |   |   |   |    |
|-------------|-------------|-------------|---|---|---|---|----|
|             |             | A           | B | C | D | E | F  |
| „CR-BIO-144 | Costa Rica  | —           | — | — | — | x | —“ |